

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Grænhól.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 24. apríl 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Grænhól.

Breytingin tekur til lóðanna Sjafnargötu 1A og 1B og felur í sér að heimilt verður að reisa byggingar á tveimur hæðum á lóðunum. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 26. apríl 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 27. apríl 2023